

Umsögn um framkomnar athugasemdir á kynningartíma tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár

Í október 2018 fól þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra Umhverfisstofnun að meta nauðsynlegar verndarráðstafanir og kostnað við þær á svæðum sem Náttúrufræðistofnun Íslands lagði til að fari á [framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár](#), skv. ákvæðum VI. kafla [náttúruverndarlaga nr. 60/2013](#).

[Tillögur](#) Náttúrufræðistofnunar Íslands eru 112 sem valdar voru í net verndarsvæða fyrir vistgerðir, fuglategundir og jarðminjar. Tillögurnar voru settar fram á heimasíðu stofnunarinnar með [kortasjá](#) sem birtir afmörkun tillögusvæðanna með tengingu inn á svokallaðar staðreyndarsíður fyrir hvert svæði þar sem frekari upplýsingar eru settar fram.

Umhverfisstofnun vann mat á nauðsynlegum verndarráðstöfunum úr tillögum Náttúrufræðistofnunar m.a. með hliðsjón af ákvæðum 35. gr. náttúruverndarlaga og VIII. kafla sömu laga.

Með erindi 16. júní 2023 óskaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra eftir því að Umhverfisstofnun hefji undirbúning kynningarferils á fimmtán tillögusvæðum í jafnmörgum sveitarfélögum. Um er að ræða svæði sem hafa hátt verndargildi, eru mikilvæg fyrir líffræðilega

fjölbreytni og auka viðnámsprótt gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.

Haldnir voru fjórtán fundir á tímabilinu október 2023 - febrúar 2024 þar sem Umhverfisstofnun fundaði með sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem höfðu svæði innan sinna marka og náttúruverndarnefndum þeirra til að kynna þeim fyrirhugað kynningarferli, hvað það felur í sér, hlutverk sveitarfélaga í því, næstu skref og að opna á samtal vegna verkefnisins.

Í desember 2023 boðaði Umhverfisstofnun landeigendur á svæðunum til sérstakra upplýsingafunda sem höfðu það markmið að upplýsa landeigendur um verkefnið, hvað það felur í sér og að fá endurgjöf áður en tekin væri ákvörðun um hvort svæðin héldu áfram í lögbundið kynningarferli tillögunnar.

Þann 2. janúar 2024 birti Umhverfisstofnun upplýsingar um svæðin á [heimasíðu stofnunarinnar](#) þar sem m.a. kom fram verndargildi svæðanna, mögulegar verndarráðstafanir og takmarkanir sem þær gætu falið í sér auk frekari upplýsinga um ástæður þess að svæðin eru tilnefnd af hálfu Náttúrufræðistofnunar ásamt vinnukortum sem sýndu mögulega afmörkun svæðanna.

Haldnir voru fjórtán stafrænir upplýsingafundir með landeigendum í janúar og febrúar 2024 auk eins staðfundar í Borgarfirði þar sem Umhverfisstofnun kynnti verkefnið og bauð svo upp á spurningar og samtal í kjölfarið. Kynningarnar af fundunum voru teknar upp og birtar ásamt glærunum á ofangreindri heimasíðu Umhverfisstofnunar. Samhliða þessari kynningu var næsti áfangi í Þjóðlendumálum stjórnvalda kynntur þar sem tilgreind voru fjögur þeirra svæða sem ofangreind beiðni ráðherra til Umhverfisstofnunar tók til. Þjóðlendumál lúta að eignarhaldi landssvæða. Í undirbúningi friðlýsinga er eignarhald svæða m.a. kannað og stofnað til samtals við landeigendur á þeim grunni. Nokkur áskorun er í því fólgin, sérstaklega fyrir landeigendur, að eiga í samtali við ríkisvaldið um bæði þessi verkefni á sama tíma. Varðandi fimmta svæðið komu fram athugasemdir sveitarfélags sem ástæða þótti til að vinna frekar úr. Varð það sameiginlegt mat Umhverfisstofnunar og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins að leggja fram til kynningar tíu svæði.

Kynning tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár

Tillaga umhverfis-, orku- og umhverfisráðherra að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár var lögð fram til kynningar þann 21. febrúar 2024 með auglýsingu í

Lögbirtingarblaði skv. 2. mgr. 36. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Tillagan náði til eftirtalinna svæða:

1. [Almenningur \(við Geysi\)](#), Bláskógabyggð
2. [Goðdalur í Bjarnafirði](#), Kaldrananeshreppi
3. [Hengladalir](#), Sveitarfélaginu Ölfusi
4. [Húsey og Eyjasel á Úthéraði](#), Múlaþingi
5. [Höfðaflatar við Vörðufell](#), Bláskógabyggð og Skeiða- og Gnúpverjahreppi
6. [Lauffellsmýrar](#), Skaftárhreppi
7. [Norður-Melrakkaslétta](#), Norðurþingi, að undanskildum jörðunum Harðbakur 1 lnr. 154161, Harðbakur 2 lnr. 154162, Sigurðarstaðir lnr. 154211, Brúnir lnr. 154145 og Núpskatla lnr. 154194
8. [Lambeyrarkvísl og Oddauppsprettur](#), Borgarbyggð
9. [Reykjanes – Þorlákshver við Brúará](#), Grímsnes- og Grafningshreppi og Bláskógabyggð
10. [Tjörnes](#), Tjörneshreppi

Frestur til að skila inn athugasemdum var átta vikur eða til og með 19. apríl 2024. Upplýsingar um verndargildi svæðanna, mögulegar verndarráðstafanir og takmarkanir sem gætu leitt af þeim auk upplýsinga um hvernig hægt var að skila inn athugasemdum voru birtar á heimasíðu Umhverfisstofnunar (<https://ust.is/nattura/framkvaemdaaetlun-natturuminjaskrar/>).

Þann 20. febrúar 2024 sendi Umhverfisstofnun landeigendum og rétt höfum lands á svæðunum bréfleiddis tillöguna til umsagnar með upplýsingum um hvar hana var að finna og hvernig skila átti inn athugasemdum. Sveitarstjórnnum, náttúruverndarnefndum, náttúrustofum, hagsmunaaðilum og öðrum opinberum aðilum var send tillagan til umsagnar með tölvupósti þann 21. febrúar 2024. Þann 22. febrúar birti Umhverfisstofnun [frétt á heimasíðu](#) stofnunarinnar um auglýsingu tillögunnar. Sama dag sendi stofnunin tillöguna jafnframt til fjölmiðla (RÚV, Vísir, Mbl.is) og þeirra héraðsfréttablaða sem tillögurnar ná til (Skessuhorn, Austurfrétt, Sunnlenska, Bæjarins Besta og Skegla).

Hér á eftir er samantekt innkominna erinda á kynningartíma og umsögn Umhverfisstofnunar um þær.

| <i>Athugasemdir</i> | <i>Svar Umhverfisstofnunar</i> |
|---|---|
| Almenningur | |
| <p>Meirihluti eigenda Almennings lítur svo á meta verði tillöguna sem undirbúning að friðlýsingu svæðisins sem felur í sér verulega takmörkun á möguleikum til nýtingar þessarar eignar. Áskilja þeir sér allan rétt til þess að mótmæla friðlýsingunni komi til hennar og krefjast fullra fjárbóta vegna þeirrar takmörkunar á landnýtingu sem slík friðlýsing kemur til með að hafa í för með sér. Þá er öllum áformum um tímabundið bann við framkvæmdum eða nýtingu á svæðinu á grundvelli 37. gr. tilvitnaðra laga andmælt og þess krafist að tilkynnt verði fyrirfram standi til að beita slíkum takmörkunum.</p> | <p>Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er áætlun til næstu fimm ára um friðlýsingar og friðun.</p> <p>Ef farið verður í undirbúning friðlýsingar eða friðunar svæðisins leggur stofnunin mikla áherslu á samstarf og samráð við landeigendur við vinnuna og bendir á upplýsingar um feril vinnslunnar á heimasíðu stofnunarinnar. Stofnunin bendir einnig á að ráðherra er heimilt að beita tímabundnu banni ef framkvæmdir eða nýting, skv. 2. mgr. 37. gr. laga um náttúruvernd, geta skaðað þær náttúruminjar sem teknar eru á framkvæmdaáætlun.</p> |
| <p>Eigandi Haukadals 4, leggur til breytingu á afmörkun svæðisins að norð-austanverðu á þann veg að í stað þess að mörk að norðanverðu gangi í beinni línu frá Almenningsá til austurs að Tungufljóti, þá er lagt til að þau verði skv. brotpunkti 1) og í stefnu til suðausturs að brotpunkti 2) sbr. kort sem fylgdi með erindinu. Á þann hátt náist órofin samfella lands ofan við Almanning, milli lands ofan við Almanning, merkt A og lands B, næst Tungufljóti. Eigandinn telur að breyting þessi á útmörkun verndarsvæðisins hafi ekki áhrif á heildarsvæðið, vistgerðir þess eða vatnsflæði um svæðið. Eigandinn gerir ekki athugasemdir við tillöguna að öðru leyti en áskilur sér jafnframt rétt til þess að koma með tillögu að nánari</p> | <p>Umhverfisstofnun tekur undir ábendingu landeiganda um afmörkun svæðisins. Er það mat stofnunarinnar að unnt sé að breyta afmörkuninni til samræmis við ábendingar landeigandans. Umhverfisstofnun bendir á að þörf verður á frekara samstarfi og samráði við landeigendur vegna ítarlegri afmörkunar á svæðinu ef farið verður í friðlýsingu eða friðun á svæðinu.</p> |

| | |
|--|---|
| útfærslu á útmörkum svæðisins á öðrum stigum friðunar/friðlýsingarferlis. | |
| | |
| Goðdalur | |
| Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps veitir jákvæða umsögn um tillöguna. | |
| | |
| Hengladalir | |
| <p>Í Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur og Orku náttúrunnar (Orkuveitan) kemur fram að Orkuveita Reykjavíkur er landeigandi að Hjallatorfu ofan fjalls, landnúmer 190527. Innstidalur, Miðdalur og stærsti hluti Fremstadals er innan afmörkunar tillögusvæðisins.</p> <p>Orkuveitan er með nýtingarleyfi á jarðhita á Hellisheiði, skv. lögum nr. 57/1998 og nær afmörkun svæðisins inn á afmarkað nýtingarleyfi Orkuveitunnar á Hellisheiði. Orkuveitan bendir á að þó að engir borteigar eða holutoppar séu innan tillögusvæðisins, er umtalsverð jarðhitanyting í gangi innan svæðisins. Þannig eru níu stefnuboraðar holur sem liggja undir afmarkaða svæðinu. Allar þessar holur eru nýttar og eru flestar undir Innstadal vestanverðum en einnig fyrir honum miðjum og ein teygir sig inn undir Miðdal. Vísað er til korts sem fylgdi umsögninni. Fyrirsjáanlegt sé að stækka þurfi núverandi vinnslusvæði á Hengilssvæðinu og vinna er hafin hjá Orkuveitunni í öflun tilskilinna leyfa. Samhliða</p> | <p>Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að nýting svæðisins hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi þess. Ef farið verður í vinnu við undirbúning friðlýsingar eða friðunar á svæðinu, verður hún unnin í samvinnu við Orkuveituna og aðra hagsmunaaðila til að unnt sé að ná sem bestri samstöðu og samvinnu við hagsmuni svæðisins bæði út frá vernd náttúrunnar og orkunýtingar.</p> |

er Orkuveitunni ljóst að áframhaldandi nýting á Hengilssvæðinu mun færast nær viðkvæmum svæðum, þar sem landslag, gróðurlendi og dýralíf eru sérstæð og útivist er stunduð. Hefur nýting þeirra hola sem eru stefnuboraðar undir Hengladali til vinnslu og niðurdælingar ekki haft áhrif á ásýnd svæðisins eða verndargildi svo vitað sé. Það er mat Orkuveitunnar að nýting með þeim hætti sem verið hefur með stefnuborun undir Hengladali sé ekki ósamrýmanleg friðlýsingu Hengladala enda yrðu slóðar, borplön og holutoppar ekki innan friðlýsta svæðisins. Orkuveitan hefur hug á að halda áfram þeirri nýtingu sem er á svæðinu með sömu áherslum og verið hefur hvað varðar að lágmarka áhrif og standa vörð um landslag og jarðmyndanir, líffræðilegan fjölbreytileika og útivist. Orkuveitan hyggst því ráðast í nýtingu á svæðinu með mögulegum stefnuborunum undir það svæði sem lagt er til að setja á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár og draga þannig verulega úr áhrifum á svæðið. Þó vill Orkuveitan benda á að sýni yfirborðsrannsóknir í Fremstadal fram á miklar líkur á nýtanlegum jarðhita þar, gæti það kallað á endurskoðun á afmörkun friðlýsingarinnar á því svæði. Þannig gæti Orkuveitan fíkrað sig nær nýtanlegum jarðhita í dalnum án þess þó að raska líffræðilegri fjölbreytni og markmiðum friðlýsingarinnar.

Orkuveitan tekur undir mikilvægi þess að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni, vistgerðir og sérstöðu svæðisins og mikilvægi þess að hlífa viðkvæmu umhverfinu fyrir ágangi. Hún hefur unnið markvisst að því að búa í haginn

| | |
|--|---|
| <p>fyrir útvistarfólk með merktum gönguleiðum, upplýsinga- og fræðsluskiltum og hefur m.a. gefið út upplýsinga- og gönguleiðakort fyrir Hengilssvæðið.</p> <p>Það er mat Orkuveitunnar að ekkert sé því til fyrirstöðu að Hengladalir séu á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár svo framarlega sem að tryggt sé að nýting á svæðinu verði heimil með áframhaldandi skáborunum undir svæðið, tekið sé mið af gildandi leyfum til nýtingar á jarðhita og að sá möguleiki sé hafður opin á því að endurskoða mörk svæðisins sýni jarðhitakortlagning í Fremstadal að þar sé vænlegur jarðhiti án þess þó að raska líffræðilegri fjölbreytni og markmiðum friðlýsingarinnar. Orkuveitan telur að góð reynsla sé af nýtingu jarðhita með skáborunum undir Innstadal og Miðdal og að áhrifin séu óveruleg. Orkuveitan mun auka vöktun á yfirborðsvirkni og mögulegum áhrifum á líffræðilegan fjölbreytileika, vistkerfi og verndarsvæði eftir því sem auðlindanýting eykst á svæðinu í samráði við leyfisveitendur og aðra hagsmunaaðila.</p> | |
| | |
| <p>Húsey-Eyjasel</p> | |
| <p>Sveitarstjórn Múlaþings gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi tillögu Umhverfisstofnunar að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.</p> | |
| <p>Í erindi Náttúruverndarsamtaka Austurlands (NAUST) kemur fram að á félagssvæði samtakanna, frá Finnafirði</p> | <p>Umhverfisstofnun bendir á að ef farið verður í friðlýsingu eða friðun á svæðinu verður unnt að kanna möguleika á</p> |

| | |
|---|---|
| <p>að Lómagnúpi, sé aðeins eitt svæði meðal auglýstra tillagna, þ.e. Húsey - Eyjasel. Innan þess svæðis sem upphaflega var tilnefnt af Ní, þ.e. Úthérað (465 km²), eru stór votlend svæði sem eru á náttúruminjaskrá, auk þess sem svæðið í heild er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (IBA). Sú tillaga sem nú sé auglýst nái eingöngu yfir hluta af tveimur svæðanna.</p> <p>Samtökin fagna því að svæðið komi fram í auglýstri tillögu og vilja árétt að lagaleg staða votlendissvæða þurfi að endurspeгла virði og mikilvægi þeirra. Ekki verði tíunduð fjölbreytt vistkerfisþjónusta sem votlendi veita okkur og ýmsum öðrum lífverum, en það var ekki að ástæðulausu sem tillaga Ní var af þeirri stærðargráðu sem stofnunin lagði fram. Samtökin vonast því til þess að útmörkin sem nú eru auglýst verði víkkuð út eins og kostur er til þess að tryggja, ef til friðlýsingar svæðisins kemur, að hún nái þeim markmiðum sem var gengið út frá og lýst er í náttúruverndarlögum.</p> | <p>stækkun svæðisins í samráði við landeigendur, ábúendur, sveitarfélag og fleiri eftir þörfum. Stofnunin tekur undir að fjölbreytt vistkerfisþjónusta votlendissvæða sé mikilvæg fyrir vernd líffræðilegrar fjölbreytni.</p> |
| <p>Náttúrustofa Austurlands fagnar því að Húsey-Eyjasel sé í tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.</p> <p>Náttúrustofan tekur fram að afmörkun tillögunsvæðisins klýfur selalátur við Jöklu og svæði skúmsvarps, auk þess sem þéttasta varp kjóa á svæðinu falli utan þess og að um 80% skúmsparanna verpi utan svæðisins. Mikilvægt væri að svæðið nái lengra í suður til að ná yfir þann hluta kjóavarsins á Úthéraði þar sem þéttleiki er mestur.</p> <p>Til þess að ná markmiðum friðlýsingar, sem hefur áherslu á vernd lífríkis, þyrfti afmörkun svæðisins að mati NA að</p> | <p>Umhverfisstofnun bendir á að ef farið verður í friðlýsingu eða friðun á svæðinu verður m.a. könnuð þörf á takmörkun umferðar á svæðinu og möguleiki á stækkun svæðisins í samráði við landeigendur, ábúendur, sveitarfélag og fleiri eftir þörfum.</p> |

| | |
|--|---|
| <p>vera ákveðin út frá nýtingu þeirra tegunda lífvera sem nefndar eru í tillöggunni. Svæðið er einnig mikilvægt fyrir landsel sem kæpir þar. Rannsóknir hafa sýnt að selir eru viðkvæmir fyrir truflun, bæði umferð manna og dróna, einkum á viðkvæmum tímum eins og í kringum kæpingatíma. Það sama á við um fugla sem eru viðkvæmir fyrir áreiti og truflun af mannaferðum ekkert síður en drónum, einkum á varptíma. Því telur Náttúrustofan mikilvægt að vel verði vandað við skilgreiningu á notkun dróna og aðgengi ferðamanna að viðkæmum varpsvæðum og selalátrum. Vert er að minnast á breytingar sem gerðar voru á ósi Lagarfljóts í kjölfar breytinga á farvegi þess og möguleikanum á því að slíkra aðgerða gæti orðið aftur þörf í framtíðinni.</p> | |
| <p>Í umsögn Landsvirkjunar kemur fram að Húsey og Eyjasel eru staðsett á áhrifasvæði stærstu vatnsaflsvirkjunar Íslands, Fljótsdalsstöðvar. Innan og í nágrenni við tillögusvæðið hefur Landsvirkjun komið að verkefnum sem tengjast á einn eða annan hátt rekstri Fljótsdalsstöðvar sem hófst árið 2007. Vísað er til korts í viðauka við umsögnina og farið yfir þau verkefni fyrirtækisins sem tengjast viðhaldi náttúru og lífríkis á og í návígi við fyrirhugað friðland. Landsvirkjun bendir á að verkefni geti breyst samhliða áframhaldandi rekstri stöðvarinnar og náttúrulegum breytingum, s.s. yfirstandandi loftslagsbreytingum með aukinni jöklabráðnun og fyrirséðum breytingum á gróðurþekjum og lífríki.</p> | <p>Að mati Umhverfisstofnunar kemur skráning svæðisins á framkvæmdaáætlun ekki í veg fyrir áframhaldandi mótvægisáðgerðir Landsvirkjunar vegna áhrifa Fljótsdalsstöðvar á svæðið. Hvað varðar tillögu Landsvirkjunar um breytingu á mörkum svæðisins til sjávar vegna mögulegrar tilrauna til að grafa út nýjan ós er það mat Umhverfisstofnunar að með slíkum breytingum fellur út stórt selaláturssvæði landsels. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að halda mörkunum til sjávar óbreyttum og þar með verði mögulegar framkvæmdir metnar m.t.t. skráningar svæðisins á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár við afgreiðslu umsóknar um framkvæmdaleyfi vegna verkefnisins.</p> |

Í umsögninni er farið yfir eftirfarandi þætti vegna reksturs Fljótsdalsstöðvar:

- Færslu óss Lagarfljóts og Jökulsár á Brú til norðurs til að koma í veg fyrir að áin brjóti sér leið í Fögruhlíðará.
- Bakkavarnir við Lagarfljót og Jökulsá á Brú í landi Hólmatungu og Hóls.
- Uppgræðsla í landi Húseyjar sem eru mótvægisaðgerðir vegna hættu á landbroti og áfoki.
- Vatnshæðarmælingar í Lagarfljóti.
- Grunnvatnsmælingar á Hvalbeinsrandarsandi.
- Vöktun gróðurs og grunnvatns á Úthéraði.
- Sauðfjárveikivarnargirðing við Jökulsá á Brú sem var varnarlína gegn sauðfjársjúkdómum.
- Mælingar á bakkarofi Lagarfljóts og Jökulsár á Brú.

Landsvirkjun vekur athygli á að í tengslum við byggingu og rekstur Fljótsdalsstöðvar hefur fyrirtækið lagt sig fram við að mæta þeim breytingum sem orðið hafa á svæðinu og mun áfram leitast við að viðhalda því lífríki sem til staðar er. Fyrirtækið leggur því ríka áherslu á að fari tillögusvæðið Húsey og Eyjasel á Úthéraði áfram í friðlýsingarferli verði skýrt að takmarkanir komi ekki í veg fyrir framangreindar eða sambærilegar aðgerðir. Þá leggur Landsvirkjun til að mörk svæðisins þar sem þau ná út í sjó verði færð inn fyrir ós Jökulsár á Brú og Lagarfljóts vegna þeirra aðgerða sem líklegt er að ráðast þurfi í. Slíkt tilfærsla er ekki líkleg til að hafa áhrif á þær vistgerðir og fuglategundir sem tilgreindar eru í kynningu Umhverfisstofnunar.

| | |
|---|---|
| | |
| <p>Höfðaflatar við Vörðufell</p> | |
| <p>Í umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur fram að í gildandi aðalskipulagi er í gildi hverfisvernd á Höfðaflötum. Markmið hverfisverndarinnar sé að varðveita náttúruminjar, fornleifar og aðrar söguminjar, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðapjónustu á svæðinu. Stuðlað verði að endurheimt fyrri landgæða og mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er og farið er svo yfir almenn ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar.</p> <p>Sveitarfélagið tekur fram að mikilvægt sé að benda á að ekki sé hægt að nýta þetta land öðruvísi en til beitar þar sem uppspretta vatns kemur öðru megin frá Vörðufelli en hinumegin er Hvítá þar sem árbakki Hvítár situr hærra í landinu. Það er því ekki hægt að framræsa landið með neinum hætti og því engin hætta á að hægt sé að raska votlendi svæðisins. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur því ekki þörf á frekari friðun svæðisins og hvetur Umhverfisstofnun til að draga til baka tillögu að því að Höfðaflatar verði settar á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.</p> | <p>Umhverfisstofnun bendir á að hverfisvernd er ekki sambærileg friðlýsingum eða friðunum m.a. að því leiti að hverfisvernd er hægt að afnema með skipulagsbreytingum og kveður ekki á um umsjón og rekstur svæðisins til framtíðar. Skráning svæðisins á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, friðlýsing og friðun felur ekki í sér áætlanir ríkisins um breytingu á landnotkun, nýtingu né uppbyggingu ferðamannastaða. Umhverfisstofnun bendir í því sambandi á 2. gr. laga um náttúruvernd um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir en hún kveður á um að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli m.a. stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða. Einnig skuli standa vörð um og efla vistkerfi landsins svo eðli þeirra, gerð og virkni sé tryggð til framtíðar.</p> |
| <p>Í erindi eigenda Fjalls 1 mótmæla þeir harðlega áformum Umhverfisstofnunar um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Höfðaveitur séu undir hverfisvernd og vilja þeir halda því áfram svoleiðis. Hverfisverndin sé ákaflega skýr og benda á aðalskipulag Skeiða og Gnúpverjahrepps þar sem tekinn sé af allur vafi um að</p> | <p>Umhverfisstofnun áréttar að skráning á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, friðlýsing og friðun felur ekki í sér upptöku afnotaréttar af landeigendum né áætlanir um aukinn ágang gesta um</p> |

framkvæmdir séu ekki heimilar á svæðinu án samráðs við sveitarstjórn. Landsvæðið sé óspillt, stanslaus uppgangur af vatni undan Vörðufelli og að það sé ekki hægt að nýta landið öðruvísi en hefur verið gert um aldir, nytjað til beitar búpenings. Sú staðreynd að sú landfræðilega sérstaða sem Höfðaveitur búa yfir er með þeim hætti að landið friðar sig að miklu leyti sjálft. Mikið fuglavarp sé á svæðinu og væri nær hjá Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun að leggja kapp á að ekki sé dregið úr fjármagni til refa- og minkaveiða því það eru raunverulegir skaðvaldar á varpið. Landeigendur geti ekki sætt sig við að Umhverfisstofnun ætli að taka afnotarétt þeirra af landinu, en þetta sé fyrsta skref í þá átt. Landið friði sig sjálft og mun alltaf gera. Landeigendur telja að ef einhver friðlýsing frá Umhverfisstofnun eigi að taka yfir þetta svæði þá sé friðurinn úti. Þarna verði endalaust ráp sérfræðinga sem muni leiða til þess að fuglinn mun færa sig af svæðinu. Túrisminn muni aukast sem sé ekki eitthvað sem þeir vilji sjá viljum ekki sjá og svæðið mun ekki þola aukna umferð.

Landeigendur telja það ólíkindum að þurfa stöðugt að verja höfuð sitt fyrir ásælni í að ráðskast með landið þeirra. Á svæðinu hafi um aldir verið rekinn hefðbundinn búskapur og ekki séu uppi hugmyndir um annað. Ef það væri einhver möguleiki að ræsa fram Höfðaveitur þá væri það löngu búíð.

Í erindinu er vísað til heimsóknar tveggja nafngreindra kvenna fyrir um 20 árum sem fóru um svæðið með tilliti til friðlands fugla og að þeirra mat væri að ekki væri þörf

svæðið, sér í lagi á svæði sem ber ekki slíkan ágang enda væri það í andstöðu við markmið og tilgang verndarinnar.

Umhverfisstofnun tekur ekki undir að verið sé að reyna að ná valdi yfir jörðum landeigenda Höfðaflata enda er það ekki hlutverk Umhverfisstofnunar, engin lagaheimild sé fyrir slíkri aðgerð og ekki þörf á slíku vegnar verndar Höfðaflata. Umhverfisstofnun bendir í því sambandi á 2. gr. laga um náttúruvernd um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir en hún kveður á um að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli m.a. stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða. Einnig skuli standa vörð um og efla vistkerfi landsins svo eðli þeirra, gerð og virkni sé tryggð til framtíðar.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin og Náttúrufræðistofnun hafa ekki það hlutverk að ákvarða heildarfjármagn til refa- og minkaveiða.

Höfðaflatir hafa verið á náttúruminjaskrá frá 1984 og eru skráðar nr. 744 á náttúruminjaskrá skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 631/1995.

Umhverfisstofnun bendir á að hverfisvernd er ekki sambærileg friðlýsingum eða friðunum m.a. að því leiti að hverfisvernd er hægt að afnema með skipulagsbreytingum og að slík vernd uppfyllir ekki alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í náttúruvernd.

| | |
|---|---|
| <p>á frekari aðgerðum því svæðið verndi sig sjálft. Landeigendur spyrja hvað hafi breyst.</p> <p>Landeigendur telja að þetta sé spröttið upp núna í kjölfar þess að rykið var dustað af hugmyndum um Vörðufellsvirkjun og að verði framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár verði hún samþykkt muni hún hafa mun meiri áhrif en Vörðufellsvirkjun á framtíðarhorfur búskapar í Fjalli. Landeigendur skora á Umhverfisstofnun að hætta strax þessum áformum og bera virðingu fyrir því að landið ver sig best sjálft án utanaðkomandi afskifta.</p> | <p>Að öðru leiti vísar Umhverfisstofnun til frekari upplýsinga á kynningargögn um málið á heimasíðu Umhverfisstofnunar.</p> <p>Umhverfisstofnun tekur undir að svæðið verndar sig sjálft og því þurfi ekki að grípa til sértækra aðgerða, líkt og er tilfellið með fjölda friðlýstra svæða.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að vinna við tillögur að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er unnin á grundvelli VI. kafla náttúruverndarlaga og hefur enga tengingu við hugmyndir við Vörðufellsvirkjun né kemur hún í veg fyrir framtíðarhorfur búskapar á jörðinni.</p> |
| <p>Í erindi eigenda Fjalls 2 er farið yfir náttúrufar Höfðaflata og tekið fram að það sé ekki mögulegt að ræsa svæðið fram. Ef það væri hægt að framræsa svæðið hefði það verið gert fyrir allnokkru. Að þeirra mati verndar svæðið sig sjálft og engin áform séu um breytingar á landnotkun þess, þ.e. landið sé eingöngu notað til beitar.</p> <p>Í erindinu er vísað til heimsóknar tveggja nafngreindra kvenna fyrir um 20 árum sem fóru um svæðið með tilliti til friðlands fugla og að þeirra mat væri að ekki væri þörf á frekari aðgerðum því svæðið verndi sig sjálft. Landeigendur spyrja hvað hafi breyst.</p> <p>Að mati landeigenda vaxa þær tegundir sem eru á svæðinu í góðu nábýli við þann búpening sem þarna gengur án utanaðkomandi aðgerða.</p> <p>Í erindinu kemur fram að í kynningu Umhverfisstofnunar hafi komið fram að verndarstaða Höfðaflata sé ekki</p> | <p>Umhverfisstofnun áréttar að skráning á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, friðlýsing og friðun felur ekki í sér áætlanir um upptöku afnotaréttar, framkvæmdir eða röskun svæðisins né heldur aukinn ágang gesta um svæðið, sér í lagi á svæði sem ber ekki slíkan ágang enda væri það í andstöðu við markmið og tilgang verndarinnar.</p> <p>Umhverfisstofnun tekur undir að svæðið verndar sig sjálft og því þurfi ekki að grípa til sértækra aðgerða, líkt og er tilfellið með fjölda friðlýstra svæða.</p> <p>Hvað varðar spurningu landeigenda um hvað það sé við verndarstöðu Höfðaflata sem sé ekki ákjósanlegt þá bendir Umhverfisstofnun á að um er að ræða mat Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndarstöðu vistgerðanna á landsvísu, þ.e. starungsmýravistar og runnamýravistar á láglandi.</p> |

ákjósanleg og spurt er hvað það sé á svæðinu sem er ekki ákjósanlegt þar sem þetta sé allt ósnortið. Í sömu kynningu kemur fram að tryggja þurfi áframhaldandi vatn úr Vörðufelli. Landeigendur telja að það sé eitthvað meira en þeir og framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár ráði við, einungis náttúran sjálf og að það eigi að láta svæðið í friði því það sé í góðu lagi eins og það er. Þarna sé ríkulegt fuglalíf og því skuli ekki raska með nýjum áætlunum og eyðileggja fyrir þeim með umferð eða túrisma. Í erindinu er farið yfir hverjar séu ógnir Höfðaflata, þ.e. landbrot af völdum Hvítár, að svæðið fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár því þá verði stóraukin umferð umsvæðið og valdi truflun fuglalífs, búpenings og skemmda á gróðurvist, minkur og refir og gott væri ef Náttúrufræðistofnum hjálpaði til við að halda þeim í skefjum.

Í erindinu vísar landeigandi til umfjöllunar um sumarhúsabyggð. Það geti aldrei orðið því svæðið fari allt undir vatna í árflóðum Hvítár. Undir fjallshlíðinni yrði aldrei leyft að byggja því þar sé hætta á bæði grjóthruni og snjóflóðum.

Í tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár sjái landeigendur enga tillögu sem gæti verið Höfðaflötum til framdráttar en allnokkrar ógnanir og beri þar hæst aukin umferð sem svæðið þurfi síst á að halda. Landeigendur benda á að svæðið sé aðal beitiland jarðanna og ef á að taka það undan jörðunum sé búskap sjálfhætt. Að framansögðu má ljóst vera að landeigendur í Fjalli 2

Umhverfisstofnun bendir á 2. gr. laga um náttúruvernd um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir en hún kveður á um að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli m.a. stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða. Einnig skuli standa vörð um og efla vistkerfi landsins svo eðli þeirra, gerð og virkni sé tryggð til framtíðar.

Höfðaflatir hafa verið á náttúruminjaskrá frá 1984 og eru skráðar nr. 744 á náttúruminjaskrá skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 631/1995.

Varðandi vísun landeigenda á umfjöllun um sumarhúsabyggð þá bendir Umhverfisstofnun á að slík umfjöllun er ekki í kynningarefni stofnunarinnar.

| | |
|--|---|
| <p>samþykkja ekki framkomna framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár og óska þess að þessu verði vísað frá.</p> | |
| | |
| <p>Lauffellsmýrar</p> | |
| <p>Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.</p> | |
| <p>Í umsögn Náttúrustofu Suðausturlands er tillögu Umhverfisstofnunar fagnað og telur stofan mikilvægt að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár verði loksins að veruleika. Skipulögð verndun náttúruminja á Íslandi sé nauðsynleg aðgerð til að viðhalda okkar dýrmætustu auðlindum. Náttúrustofan styður áform um að setja Lauffellsmýrar á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Í umsögninni er farið yfir verndargildi og sérstöðu svæðisins. Rimar mýranna verði til af völdum frostverkana og vatnshalla yfir margra ára tímabil. Þannig myndar samspil jarðbreytileika ólífrænna þátt og lífríkis svæðisins verðmætt vistkerfi sem ástæða er til að vernda. Náttúrustofan leggur til að kannað verði hvort ástæða sé til að friðlýsa Hrossatungur og Stórákrók með Lauffellsmýrum sem heildstætt, fornt hálendisvistkerfi og landslagsheild sem varðveitir einnig áhrif votlendis á eldvirknisögu Íslands. Náttúrustofan er sammála tillögunni að friðland sé sá flokkur friðlýsinga sem geri svæðinu best skil.</p> | <p>Umhverfisstofnun bendir á að ef farið verður í friðlýsingu eða friðun á svæðinu verður unnt að kanna möguleika á stækkun svæðisins í samráði við landeigendur, sveitarfélag og fleiri eftir þörfum. Tillagan sem hér um ræðir nær þó einungis til Lauffellsmýra.</p> |

Í erindi **Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi** kemur fram að samtökin hafi frétt seint af auglýsingu að tillögunni og ítreka ósk sína að vera á samráðslista Umhverfisstofnunar í Skaftárhreppi.

Samtökin fagna því að tillaga að framkvæmdaáætlun sé komin fram en benda á að mikið vanti uppá til að ná settum markmiðum COP15 samningsins um að ríki skuli vernda 30% af haf- og landsvæðum hið minnsta fyrir árið 2030.

Samtökin telja að það vanti upp á að afmörkun tillögusvæðisins vegna Lauffellsmýra nái yfir allar mýrarnar og leggja til að úr því verði bætt.

Samtökin benda á að í Skaftárhreppi sé fjöldi annarra svæða sem þarfnist verndar og hvetja stjórnvöld til friðlýsingar þeirra enda mikil ógn tengd þeirri ásókn í land til (stór-)framkvæmda sem nú ríki.

Samtökin fagna þeim möguleika á að sameina Lauffellsmýrar Vatnajökulsþjóðgarði og hvetja til þess að það verði skoðaða af alvöru fyrr en síðar. Einnig telja samtökin ríka ástæðu til friðlýsingar fleiri tiltekinna svæða.

Samtökin benda sérstaklega á setninguna „Tryggja [að] vatnsrennsli á vatnasviði svæðisins haldist óbreytt“, sem er í samræmi við upplýsingar um mýrarnar á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar og að það að breyta setningunni þannig að ljóst sé að náttúruleg framvinda getur með tímanum breytt rennslinu, en að því skuli hins vegar ekki raskað af manna völdum. T.a.m. „Tryggja að náttúrulegum

Umhverfisstofnun tekur undir erindi Eldvatna og mun bæta samtökunum á samráðslista. Umhverfisstofnun bendir á að ef farið verður í friðlýsingu eða friðun á svæðinu verður unnt að kanna möguleika á stækkun svæðisins í samráði við landeigendur, sveitarfélagið og fleiri eftir þörfum.

| | |
|--|--|
| <p>ferlum á vatnasviði svæðisins verði ekki raskað“. Ástæðan sé m.a. sú að leirinn úr Skaftá þéttir smám saman Skaftáreldahraunið og minnkar gleypni þess. Í héraðinu sé löng saga óeiningar vegna inngripa mannsins í vatnsrennslið með vatnaveitingum, sem Eldvötn telja ástæðu til að vara sérstaklega við.</p> | |
| | |
| <p>Norður-Melrakkaslétta</p> | |
| <p>Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurlands leggur áherslu á að ekki verði farið í neina vinnu um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár eða neinar ákvarðanir teknar nema fyrir liggja samþykki landeigenda á því svæði sem um ræðir.</p> | |
| <p>Í erindi Náttúrustofu Norðausturlands kemur fram að stofan fagnar því að svæðið sé í tillögum að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Í erindinu er farið yfir fjölbreytni lífríkis svæðisins mikilvægi þess fyrir einstakar fuglategundir og fuglastofna.</p> <p>Náttúrustofan fær ekki séð að markmið friðlýsingar séu dregin nægilega skýrt fram.</p> <p>Vegna þess hversu breytileg útbreiðsla kríuvarpa getur verið þyrfti að horfa til stærri svæða. Því er óheppilegt að einstakar jarðir séu undanskildar í tillögunum og óvíst hvernig það tengist verndarmarkmiðum.</p> <p>Náttúrustofan tekur fram að friðlýst svæði skipta máli og geta spilað stórt hlutverk í fuglavernd. Þau geta haft</p> | <p>Umhverfisstofnun tekur undir með náttúrustofunni að markmið friðlýsingar/friðunar þurfi að vera vel skýr en bendir á að í tillögum að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er einungis lagt mat á nauðsynlegar verndarráðstafanir tillagna Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna friðlýsinga eða friðunar og kostnað vegna þeirra. Við það mat var litið til fjölda þátta, þ. á m. þátta sem taldir eru upp í tillögu náttúrustofunnar.</p> <p>Ef farið verður í undirbúning friðlýsingar og/eða friðunar á svæðinu verða markmiðsákvæði verndarinnar unnin í samstarfshópi um undirbúning verndarinnar sem og nákvæmari afmörkun svæðisins og frekari möguleg svæðisskipting sem vinna þarf í nánú samstarfi við landeigendur, sveitarfélag, hagsmunaaðila, fagstofnanir</p> |

jákvæð áhrif á vernd einstakra fuglategunda, fuglastofna og búsvæði þeirra ef þeim er stjórnað með það að markmiði að vernda viðkomandi tegundir. Sérstakar áherslur og markmið til verndar viðkomandi fuglategundum og búsvæðum þeirra eru þar nauðsynlegar.

Með hliðsjón af verndarmarkmiðum er mikilvægt er að nálgast verkefnið á heildstæðan hátt. Þar sem ekki er full samstaða meðal landeiganda um friðlýsingu svæðisins væri æskilegt að eiga frekara samtal um markmið og mikilvægi friðlýsingar áður en tillögur verða afgreiddar.

Í því sambandi veltir náttúrustofan því upp hvort hægt væri að ná fram markmiðum friðunar án þess að afmarka friðland eða verndarsvæði og leggur fram tillögur um kortlagningu tiltekinna þátta, greiningu og vinnu við verndun svæðisins.

Í erindinu er velt upp þeim möguleika að vernda svæðið sem verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda samkvæmt 50. gr. a náttúruverndarlaga og með því væri lögð áhersla á hefðbundna hlunnindanýtingu á svæðinu en um leið yrði menningarlegu gildi þess gerð skil.

Náttúrustofan tekur fram að í tillögunum sé hvergi minnst á aukna umferð ferðamanna og ferðaþjónustu sem er vaxandi atvinnugrein á svæðinu en Melrakkaslétta sé hluti af svokölluðum Fuglastíg á Norðausturlandi sem hefur það að markmiði að efla fuglatengda ferðaþjónustu á svæðinu og hafa m.a. verið reist sérstök

s.s. Náttúrufræðistofnun Íslands og Minjastofnun Íslands og fleiri aðila eftir þörfum. Frekari upplýsingar um undirbúning friðlýsinga er að finna á [heimasíðu Umhverfisstofnunar](#).

Varðandi tillögu náttúrustofunnar um að afmarka ekki friðland eða verndarsvæði þá bendir Umhverfisstofnun á að tillagan sem hér um ræðir snýr að afmörkuðu svæði sem lagt er til að fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrá, þ.e. friðlýsingu eða friðun. Stofnunin bendir á að í lögum um náttúruvernd eru ákvæði um aðrar aðferðir í náttúruvernd en þar sem framkvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár snýr einungis að friðlýsingu eða friðun þá fól þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra Umhverfisstofnun að meta nauðsynlegar verndarráðstafanir, þ.e. friðun eða friðlýsingu fyrir tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands, kostnað við þær og kynningu sbr. 5. mgr. 35. gr. og 35. gr. náttúruverndarlaga.

| | |
|--|---|
| <p>fuglaskoðunarskýli í þeim tilgangi. Einstaka áfangastaðir hafa verið merktir og fræðsluskilti sett upp. Vaxandi umferð ferðamanna getur valdið álagi á lífríki svæðisins, einkum fuglalíf og getur það einnig valdið árekstrum við hefðbundna hlunnindanýtingu og verndarmarkmið. Taka þyrfti tillit til þess við skilgreiningu á verndarmarkmiðum og leiðum til uppfylla þau.</p> | |
| <p>Eigendur Skinnalóns vilja ekki að jörðin fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár né að jörðin verði friðlýst í framhaldi skráningar á áætlunina. Tillögum um að svæðið fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er hafnað sem og tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Farið er fram á að vinnu sem miðar að því að setja svæðið á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár verði lögð niður hið fyrsta svo tími og fjármunir allra nýtist í þarfari hluti.</p> | |
| <p>Meirihluti eigenda Grjótness 1 telja afleiðingar þess að landareignin fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár enn of óljósar til að þeir geti stutt við að jörðin verði innan þessa svæðis og óska eftir því að hún verði undanskilin tillögunni, eins og þegar eigi við um jarðirnar Harðbak 1 og 2, Sigurðarstaði, Brúnir og Núpskötl. Jörðin Grjótnes er óskipt sameign Grjótness 1 og 2. Eigendur Grjótness 1 hafi undanfarin 10 ár unnið jafnt og þétt að viðhaldi íbúðarhúss frá 1906, endurbyggingu útihúsa og frágangi í kringum hús, auk þess að annast æðarvarp í félagi við eigendur Grjótness 2 og sinna landareigninni með margvíslegum öðrum hætti. Vilji þeirra stendur til að halda áfram að nytja jörðina og stuðla að verndun og</p> | <p>Umhverfisstofnun bendir á að í kynningarefni tillögunnar á heimasíðu stofunarinnar er fjallað um mögulegar verndarráðstafanir fyrir svæðið og væntanlegar takmarkanir sem þær gætu haft í för með sér í samræmi við ákvæði 1. mgr. 36. gr. náttúruverndarlaga. Rétt er að kostnaðarmat Umhverfisstofnunar vegna verndarráðstafana á svæðunum var ekki hluti af kynningarefni tillögunnar þar sem ekki er gert ráð fyrir því skv. ofangreindu lagaákvæði.</p> |

| | |
|---|---|
| <p>styrkingu lífríkis á svæðinu. Þeir eru því ekki mótfallnir samvinnu við Umhverfisstofnun um verndarráðstafanir. Þeir telja, að vandlega athuguðu máli, að of óljóst sé hvaða afleiðingar það hafi til lengri tíma að Grjótnes sé innan þess svæðis sem framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár nær til samkvæmt tillögunni. Þeir geti því ekki fallist á það og benda á að Umhverfisstofnun hefur ekki gert mat á nauðsynlegum verndarráðstöfunum og kostnaði við þær sem að okkar mati er lykilatriði um það samráð sem samkvæmt lögum á að fara fram um tillöguna.</p> <p>Einn landeigenda hafnar tillögum um að svæðið fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár og tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hann fer fram á að vinnu sem miðar að því að setja svæðið á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár verði lögð niður hið fyrsta svo tími og fjármunir allra nýtist í þarfari hluti.</p> | |
| <p>Meirihluti eigenda Grjótness 2 óska eftir að jörðin verði tekin úr núverandi og fyrirhuguðu friðlandi. Þeir telja að fyrirhuguð útnefning friðlandsins, með yfirgripsmiklum takmörkunum, myndi draga úr getu þeirra til að halda áfram óbilandi skuldbindingu um ábyrga landvörslu til handa komandi kynslóðum. Slíkt myndi ekki aðeins stofna eignarétti þeirra og varðveislu arfleiddar í hættu heldur einnig hindra framtíðar uppbyggingarmöguleika og áframhaldandi framlag til sjálfbærrar þróunar á norður-Melrakkaslétu.</p> | <p>Umhverfisstofnun bendir á að ekki er verið að vinna að friðlýsingu né friðun á svæðinu í þessu ferli og að það er ekki friðland á svæðinu.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að það er hvorki hlutverk né markmið laga nr. 60/2013 um náttúruvernd að rýra eignar- og nýtingarétt landeigenda. Stofnunin leggur mikla áherslu á samráð og samstarf við landeigendur og aðra hlutaðeigandi við ferli friðlýsinga og friðunar. Stofnunin bendir jafnframt á ákvæði 1.-3. gr. laga um náttúruvernd sem fjalla um markmið laganna og verndarmarkmið náttúruminja.</p> |

| | |
|---|---|
| <p>Tveir af þeim landeigendum eru opnir til viðræðna um bein landaskipti við stjórnvöld ef þau telja þetta svæði það mikilvægt fyrir náttúruverndarmarkmiðum ríkisins. Í ljósi ofangreindra sjónarmiða og óbilandi trúar þeirra á getu sína til að stjórna eign þeirra án afskipta ríkisins tilkynna þeir Umhverfisstofnun af virðingu um ákvörðun þeirra um að taka allir eignir þeirra úr núverandi og fyrirhugðu friðlandi, náttúruvernd, friðun eða friðlýsingu.</p> | <p>Umhverfisstofnun bendir á að norðanverð Melrakkaslétta er á náttúruminjaskrá sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 631/1995.</p> |
| <p>Eigendur Ásmundarstaða 1 og 2 vilja ekki að jörðin sé á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár né að jörðin verði friðlýst í framhaldi af slíkri skráningu. Þau hafna tillögum um að svæðið fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár og hafna tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þau fara fram á að vinnu sem miðar að því að setja svæðið á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár verði lögð niður hið fyrsta svo tími og fjármunir allra nýtist í þarfari hluti.</p> | |
| <p>Meirihluti eigenda Oddsstaða vill ekki taka þátt í framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár að svo stöddu. Hluti eigenda jarðarinnar hafna tillögum um að svæðið fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár og hafna tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þeir fara fram á að vinnu sem miðar að því að setja svæðið á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár verði lögð niður hið fyrsta svo tími og fjármunir allra nýtist í þarfari hluti.</p> | |
| <p>Eigandi Höskuldarness vill ekki að jörðin sé á framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár né að jörðin verði friðlýst í framhaldi af slíkri skráningu. Hann hafnar</p> | |

| | |
|--|---|
| <p>tillögum um að svæðið fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár og tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hann fer fram á að vinnu sem miðar að því að setja svæðið á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár verði lögð niður hið fyrsta svo tími og fjármunir allra nýtist í þarfari hluti.</p> | |
| <p>Eigendur Blikalóns vilja ekki að jörðin sé á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár eða að hún verði friðlýst í framhaldi af ákvörðun um framkvæmdaáætlun á norður Melrakkasléttu. Þeir óska eftir því að jörðin verði tekin út úr kynningarefni og kortum Umhverfisstofnunar vegna þessa. Þeir telja mikilvægum spurningum um ferlið ósvarað og áhrif þess fyrir landeigendur óskýr og að ekki hafi verið færð sannfærandi rök fyrir þörfinni á friðlýsingu á svæðinu.</p> <p>Einn eigendanna hafnar tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hann fer fram á að vinnu sem miðar að því að setja svæðið á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár verði lögð niður hið fyrsta svo tími og fjármunir allra nýtist í þarfari hluti.</p> | |
| <p>Í erindi stjórnar Æðarræktarfélags Norðausturlands er gagnrýnt að félagið hafi ekki verið boðið á kynningarfund og vísað í að það komi fram í kynningarglærum frá Umhverfisstofnun að boða skuli hagsmunasamtök „ef þurfa þykir“. Að mati félagsins var mikil þörf á samtali við félag æðarbænda.</p> <p>Stjórnin gagnrýnir boðun á fjarfund þar sem fulltrúar allra jarða voru til staðar og hefðu mætt og að fjarfundur</p> | <p>Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin boðaði einungis landeigendur á norðanverðri Melrakkasléttu á sérstakan upplýsingafund þann 24. janúar 2024. Tilvísunin sem félagið vísar til í kynningarglærum stofnunarinnar vísar til þess hverjir eigi að fá tillöguna senda á kynningartíma hennar, ekki til þess með hverjum skuli funda.</p> <p>Fundurinn með landeigendum var haldinn í fjarfundi m.a. vegna þess að landeigendur á svæðinu sem um ræðir eru</p> |

hafi hindrað marga til þátttöku á fundi af ýmsum ástæðum.

Félagið tekur fram að kynningarfundurinn sem haldinn var á Raufarhöfn hafi einungis gefið 5,5 vikna frest til að skila athugasemdum en ekki 8 vikum eins og lofað væri í kynningu.

Stjórnin tekur fram að í kynningarbréfi væri tekið fram að ekki væri um friðlýsingu að ræða og að það skorti sárlega frekari útskýringa á beinum lagalegum tengslum náttúruminjaskrár og friðlýsingar.

Stjórnin gagnrýnir að þeim fyrirspurnum sem fram komu á kynningarfundum var ekki haldið til haga og koma því ekki fram í samantekt Umhverfisstofnunar til ráðherra.

Stjórnin gagnrýnir að fyrirspurnir og umræður á fundum voru ekki tekið upp, aðeins glærुकyning.

Stjórnin gerir athugasemd við að landeigendum var aldrei kynntur sá möguleiki að afþakka strax samstarf við Umhverfisstofnun og draga jarðir sínar út úr kynningarferlinu, né með hvaða hætti það mætti gera.

Gerð er athugasemd við að sett voru tímamörk, án fyrirvara og án auglýsingar, á möguleika landeigenda til að draga jarðir út úr kynningarferli.

Stjórnin gagnrýnir að sami aðili, þ.e. Umhverfisstofnun, sjái um kynningu og samantekt athugasemda sem sent verður til ráðherra.

búsettir víða um land og erlendis (um 70%) og með því að bjóða upp á fjarfund var öllum gefinn jafn kostur á að mæta á fundinn.

Umhverfisstofnun bendir á að opni kynningarfundurinn um tillöguna sem var haldinn á Raufarhöfn þann 13. mars 2024 var haldinn á kynningartíma tillögunnar en kynningin hófst 21. febrúar og var til og með 19. apríl 2024.

Varðandi athugasemdir á að í kynningarbréfi væri tekið fram að ekki væri um friðlýsingu að ræða og að það skorti frekari útskýringar á beinum lagalegum tengslum náttúruminjaskrár og friðlýsingar bendir Umhverfisstofnun á að í bréfi stofnunarinnar til hagsmunaaðila um kynningu á tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, dags. 19. febrúar 2024, kemur fram að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár sé skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi ákveður að setja í forgang til næstu fimm ára, skv. 2. mgr. 33. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Varðandi ábendingar Æðarræktarfélagins á að fyrirspurnum á kynningarfundum hafi ekki verið haldið til haga og koma því ekki fram í samantekt stofnunarinnar til ráðherra þá bendir Umhverfisstofnun á að fyrirspurnum var haldið til haga sem vinnuskjal fyrir Umhverfisstofnun en fyrirspurnir á kynningarfundum teljast ekki til innkominna athugasemda.

Varðandi gagnrýni á að einungis glærुकyningin hafi verið tekin upp en ekki umræðurnar á fundinum þá bendir

Stjórnin telur að töluvert hafi skort á nákvæmni í kynningu hvað varðar réttaráhrif skráningar minja á náttúruminjaskrá, gr. 37, 60/2013. Margar spurningar komu upp á fundi varðandi forkaupsréttarákvæði sem ekki var svarað né vísað á svör.

Mörg ofangreind atriði telur stjórnin að bendi til að skorti á góða stjórnarsýslu í kynningarferlinu.

Í erindinu kemur fram að á N-Melrakkasléttu sé öflugt samfélag æðarbænda og landeigenda sem að stórum hluta byggir á aldagömlum hefðum æðarræktar og dúntekju. Athafnasvæði og búseta þeirra sé á þeim hluta sem Umhverfisstofnun kynnir sem tillögusvæði að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Æðarbændur líta á þessa tillögu sem ógn við starfsemina og mannlífið allt á Sléttu. Tillaga Umhverfisstofnunar felur ekkert í sér sem mun aðstoða æðarbændur við þessa vernd, né mun bæta aðstöðu æðarbænda á neinn hátt til að vernda margbreytileika lífríkisins og treysta enn frekar þá sjálfbæru atvinnustarfsemi sem hér er unnin algjörlega í sátt við náttúruna. Flestar jarðir á N Melrakkasléttu hafa nú þegar friðlýst sín varplönd á varptíma, eða eru með slíka vinnu í gangi. Þar sem æðarbændur og landeigendur vinni af heilindum að vernd fuglalífs og margbreytileika lífríkisins á Melrakkasléttu og engin neyð sé í gangi hvað það varðar, þá telur stjórnin að ekki sé þörf á afskiptum náttúruverndaryfirvalda en þeim beri að treysta bændum fyrir verkefninu. Annað sé gróft brot á meðalhöfsreglunni.

Umhverfisstofnun á að tilgangurinn var að leyfa landeigendum að tjá sig óþvingað á fundinum og gerðu landeigendur ekki athugasemdir við það fyrirkomulag.

Varðandi athugasemdina um að landeigendum var ekki kynntur sá möguleiki að afþakka samstarf við Umhverfisstofnun bendir stofnunin á að tilgangur þessara kynningarfundanna var að upplýsa um það verkefni sem var í vinnslu, hvað væri framundan, hvað verkefnið felur í sér og opna á samtalið. Á fundunum kom einnig fram hvernig kynningarferlinu væri háttað og tengiliðaupplýsingar við Umhverfisstofnun. Landeigendum var í sjálfsvald sett hvaða samskipti eða beiðnir þeir áttu í kjölfarið við Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun setti engin tímamörk um möguleika landeigenda til að draga jarðir út úr kynningarferlinu enda er það ekki hluti af lögbundnu ferli tillögunnar skv. 36. gr. náttúruverndarlaga.

Varðandi athugasemdir á að Umhverfisstofnun sjái bæði um kynningu og samantekt athugasemda bendir stofnunin á að um fyrirkomulag kynningar og málsmeðferðar tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er kveðið á um í 36. gr náttúruverndarlaga.

Varðandi athugasemd við skort á upplýsingum í kynningu og að spurningum hafi ekki verði svarað bendir Umhverfisstofnun á að í kynningarefni stofnunarinnar var vísað til þess hvar frekari upplýsingar væru að finna og hvatti stofnunin alla til þess að hafa samband við

| | |
|--|---|
| | <p>stofnunina ef einhverjum spurningum væri ósvarað eða eitthvað væri óljóst. Umhverfisstofnun hélt þrjá opna kynningarfundir á kynningartíma tillögunnar þar sem allir gátu komið á framfæri spurningum um tillögunsvæðið á norður Melrakkasléttu. Umhverfisstofnun svaraði þar öllum spurningum fundargesta um málið.</p> <p>Það er mat stofnunarinnar að náttúruvernd og æðarrækt njóti styrks af hvort öðru og að náttúruvernd geti aldrei talist ógn við mannlíf.</p> |
| <p>Eigendur Harðbaks, Sigurðarstaða, Brúna og Núpskötlu hafna tillögum um að svæðið fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár og hafna tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þeir fara fram á að vinnu sem miðar að því að setja svæðið á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár verði lögð niður hið fyrsta svo tími og fjármunir allra nýtist í þarfari hluti.</p> | <p>Umhverfisstofnun bendir á að þessar jarðir voru undanskildar í kynningu að tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.</p> |
| | |
| <p>Tjörnes</p> | |
| <p>Í erindi Náttúrustofu norðausturlands er því fagnað því að svæðið á Tjörnesi sé í tillögum að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Svæðið sé mikilvægur viðkomustaður farfugla að vori og mikilvægur vetrarbúsvæði straumanda. Þar er einnig að finna einstakar jarðmyndanir eins og segir í tillögum Umhverfisstofnunar.</p> <p>Náttúrustofan tekur fram að ekki sé að sjá í tillögunum að markmið friðlýsingar séu dregin nægilega skýrt fram. Stofan leggur áherslu á að markmið friðlýsingar/friðunar</p> | <p>Umhverfisstofnun tekur undir með náttúrustofunni að markmið friðlýsingar/friðunar þurfi að vera vel skýr en bendir á að í tillögum að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er einungis lagt mat á nauðsynlegar verndarráðstafanir tillagna Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna friðlýsinga eða friðunar og kostnað þeirra. Ef farið verður í undirbúning friðlýsingar og/eða friðunar á svæðinu verða markmiðsákvæði verndarinnar unnin í samstarfshópi um undirbúning verndarinnar sem og</p> |

| | |
|--|---|
| <p>séu vel skýr og afmörkun svæðisins og stjórnun þess taki mið af helstu markmiðum.</p> <p>Á Tjörnesi sé fuglasvæði tilnefnt af Náttúrufræðistofnun og æskilegt væri að verndun svæðisins taki sérstaklega mið af verndun viðkomandi tegunda. Lítil eggjataka sé á svæðinu og mjög óljóst hvernig hún gæti ógnað verndarmarkmiðum fyrir framangreindar áherslutegundir. Ástæðulaust er því að nefna hana sérstaklega sem ógn við sjálfbæra nýtingu svæðisins. Verndarráðstafanir þarf að skilgreina í nánú samstarfi við landeigendur á svæðinu.</p> <p>Náttúrustofan bendir á að hluti svæðisins er í Norðurþingi, þ.e. frá Húsavík að Reyðará. Náttúrustofan bendir einnig á að mikilvæg straumandarsvæði eru yst á Tjörnesi, frá Voladalstorfu að Knarrarbrekkutanga sem taka ætti tillit til við afmörkun svæðisins í ljósi verndarmarkmiða.</p> <p>Með vísan í mynd sem fylgdi erindi Náttúrustofunnar vill stofan vekja athygli á að jarðminjum svæðisins, sérstaklega sýnileika og fræðslugildi, getur stafað ógn af útbreiðslu alaskalúpínu sem breiðist m.a. út yfir jarðminjasvæði í kringum Hallbjarnarstaðagil.</p> | <p>afmörkun svæðisins og frekari möguleg svæðisskipting sem vinna þarf í nánú samstarfi við landeigendur, sveitarfélga, hagsmunaaðila, fagstofnanir s.s. Náttúrufræðistofnun Íslands og Minjastofnun Íslands og fleiri aðila eftir þörfum. Frekari upplýsingar um undirbúning friðlýsinga er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að hvorki í tillögum Náttúrufræðistofnunar né í mati Umhverfisstofnunar á nauðsynlegum verndarráðstöfunum er eggjataka metin sem ógn á verndarmarkmiðum á svæðinu.</p> |
| <p>Eigandi Ytri-Tungu 1A bendir á að afmörkun tillögusvæðisins vegna jarðminja er ekki í samræmi við kynningartextanum þar sem segir að ekki sé fyrirhugað að tún eða lóðir féllu innan svæðisins og að engar breytingar yrðu á hefðbundinni landnotkun. Línurnar sem afmarka tillöguna vegna jarðminja fara í gegnum tún</p> | <p>Umhverfisstofnun tekur undir ábendingu landeiganda um afmörkun svæðisins. Er það mat stofnunarinnar að unnt sé að breyta afmörkuninni til samræmis við ábendingar landeigandans. Umhverfisstofnun bendir á að þörf verður á frekara samstarfi og samráði við landeigendur vegna</p> |

| | |
|--|---|
| <p>beggja megin Brunngils og lenda því hús og tún innan svæðisins. Eigandinn getur engan veginn sætt sig við þessar tillögur og sama á við um vinnubrögðin þegar ekki fara saman orð og gerðir. Tjörneslögin, sem eru nú þegar á náttúruminjaskrá, telur hann á hinn bóginn sjálfsagt að vernda og eins mikilvæg búsvæði eða viðkomustaði fugla.</p> | <p>ítarlegri afmörkunar á svæðinu ef farið verður í friðlýsingu jarðminjanna.</p> |
| <p>Einn eigenda Ytri-Tungu 1 mótmælir, fyrir hönd allra eigenda jarðarinnar, hvers konar opinberum afskiptum af landi þeirra og lífríki þess. Þau telja þau jafnvel varði við eigarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Sjávarbakkarnir hafi verið friðlýstir og þarf engu við þetta að bæta.</p> | <p>Umhverfisstofnun bendir á að skráning svæðis á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár rýrir ekki eignarrétt. Stofnunin bendir á að sjávarbakkarnir eru ekki friðlýstir. Jarðlögin á Tjörnesi hafa hins vegar verið skráð á náttúruminjaskrá síðan 1975.</p> |
| <p>Eigendur Hringvers telja að bæjarlækurinn (gil hans) eigi ekki að tilheyra jarðminjasvæðinu enda um að ræða áveitulæk (sennilega frá 17. eða 18. öld).</p> | <p>Umhverfisstofnun tekur undir ábendingu landeiganda um afmörkun svæðisins. Er það mat stofnunarinnar að unnt sé að breyta afmörkuninni til samræmis við ábendingar landeigandans. Umhverfisstofnun bendir á að þörf verður á frekara samstarfi og samráði við landeigendur vegna ítarlegri afmörkunar á svæðinu ef farið verður í friðlýsingu jarðminjanna.</p> |
| <p>Fulltrúar og/eða eigendur eftirtalinna jarða á Tjörnesi skiluðu inn sameiginlegu erindi:</p> <p>Breiðavík Sandhólar Syðri Sandhólar Steinadalur Hallbjarnarstaðir 1 Hóll Mýrakot Ísólfstaðir</p> | <p>Umhverfisstofnun bendir á að erindi landeigenda barst stofnuninni þann 19. apríl eða sama dag og kynningartíma tillögunnar lauk.</p> <p>Varðandi athugasemdir landeigenda um að ekki hafi verið haft samband við þá í upphafi vinnu við framkvæmdaáætlunina þá bendir Umhverfisstofnun á að með erindi 16. júní 2023 óskaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra eftir því að Umhverfisstofnun hefji undirbúning kynningarferils á fimmtán tillögusvæðum. Í kjölfarið hóf Umhverfisstofnun undirbúning sérstakra</p> |

| | |
|---|--|
| <p>Héðinshöfði 1 Héðinshöfði 1B Héðinshöfði 2 Ketilsstaðir Hringver</p> <p>Í erindinu er þeim tillögum um að setja svæði jarða þeirra á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár alfarið hafnað. Þeir samþykkja ekki að jarðir þeirra verði friðlýstar í framhaldi af slíkri skráningu. Þeir vilja að Umhverfisstofnun taki strax jarðir þeirra úr kynningarefni sínu fyrir Tjörneshrepp.</p> <p>Í erindinu er lýst yfir vonbrigðum og furðu yfir því vinnulagi að ekki hafi verið haft samband við þá í upphafi vinnu við framkvæmdaáætlunina og samráð haft við þá hvort vilji væri til þess að jarðirnar færu á áætlunina.</p> | <p>upplýsingafunda fyrir sveitarfélög og landeigendur. Á tímabilinu október 2023 til febrúar 2024 kynnti Umhverfisstofnun fyrirhugað ferli sérstaklega fyrir viðeigandi sveitarfélögum og landeigendum, til að upplýsa um verkefnið, hvað það felur í sér og fyrirhugað kynningarferli. Upptökur af kynningum fundanna með landeigendum og glærur voru birtar á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Lögbundið kynningarferli tillögunnar hófst 21. febrúar 2024.</p> |
| <p>Í erindi Landsvirkjunar er vakin athygli á rannsóknum á mögulegri nýtingu vindorku sem eru hafnar austan við Húsavíkurfjall sem miða að því að meta bæði vindauðlind svæðisins sem og áhrif á náttúru og lífríki. Hluti þeirra rannsókna eru fuglarannsóknir sem nú standa yfir. Rannsóknarsvæðið er stórt en norðaustur jaðar þess er í um 3,5 km fjarlægð frá fyrirhuguðu strandsvæði og er í um 300 m hæð yfir sjávarmáli. Lögð er áhersla á að fuglarannsóknir standi yfir í a.m.k. 2 ár. Almennu eru áhrif vindorkunýtingar á fugla talin af fernum toga: áflug, hindrun flugleiða, búsvæðatap og forðun, þar sem þekktustu áhrifin eru áflug. Fjörurnar eru mikilvægir viðkomustaðir farfugla en aðgerðir til verndar, samkvæmt</p> | <p>Umhverfisstofnun bendir á að ef farið verður í vinnu við undirbúning friðlýsingar eða friðunar á svæðinu verður hún unnin í samvinnu við Landsvirkjun og aðra hagsmunaaðila til að unnt sé að ná sem bestri samstöðu og samvinnu við hagsmuni svæðisins bæði út frá vernd náttúrunnar og orkunýtingar. Stofnunin bendir einnig á mikilvægi þess að möguleg orkunýting austan Húsavíkurfjalls rýri ekki verndargildi svæðisins.</p> |

| | |
|---|--|
| <p>tilnefningu svæðisins, er að tryggja að fjörum og grunnsævi verði ekki raskað. Landsvirkjun telur mikilvægt að við útfærslu nýrra friðlýsinga sé athugað sérstaklega hvort verndarmarkmið geti átt samlegð með endurnýjanlegri orkuvinnslu séu tækifæri til þess á svæðinu. Landsvirkjun bendir á að leyfi til orkuvinnslu gætu tekið mið af áhrifum á fugla og bendir einnig á yfirstandandi stefnumörkun um vindorkunýtingu á Íslandi. Með tilliti til framangreinds telur Landsvirkjun mikilvægt að ekki verðar settar takmarkanir á nýtingu vindorku í grennd við tilnefnt svæði, að undangengnum fuglarannsóknnum og áður en það verði skoðað hvort slík nýting gæti samræmst markmiðum fyrirhugaðrar friðunar.</p> | |
| | |
| <p>Annað</p> | |
| <p>Fiskistofa gerir ekki athugasemdir við tillöguna en bendir á að horft verði til laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði vegna friðlýsinga og friðunar landsvæða.</p> | |
| <p>Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST) benda á efnahagslegan ávinning náttúruverndar og telja tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár ekki metnaðarfulla og vísa til ákvæðis um framkvæmdaáætlunin í náttúruverndarlögum um að leggja eigi áherslu á að byggja upp skipulegt net verndarsvæða til að stuðla að því að verndarmarkmið laganna náist. Samtökin lýsa yfir vonbrigðum að auglýsing um tillögu að framkvæmdaáætlun nái einungis til tíu</p> | <p>Umhverfisstofnun tekur undir erindi samtakanna um nauðsyn áframhaldandi vinnu til að Ísland nái yfirlýstum markmiðum í náttúruvernd og mikilvægi þess að byggja upp skipulegt net verndarsvæða.</p> |

svæða af 131 úr tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, sum hver talsvert minni en upphaflega var lagt til. Erfitt sé að sjá fyrir sér að með þessum hætti verði ráðist í það aðkallandi verkefni að byggja tryggan grunn að neti verndarsvæða af þeim krafti sem er ekki einungis nauðsynlegur fyrir lífríkið heldur líka skynsamlegur fyrir samfélagið.

NAUST fagnar því að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár hafi náð þeim áfanga að vera auglýst til umsagnar og vonast til þess að í kjölfarið verði unnið með þessar tillögur af metnaði og framsýni. Ef vel tekst til á næstu stigum þessa verkefnis getur það beint tillögum að næstu framkvæmdaáætlun í rétta átt, sem NAUST væntir að verði kynntar innan fimm ára eins og lög mæla fyrir um. Nauðsyn áframhaldandi vinnu til þess að Ísland nái yfirlýstum markmiðum í umhverfismálum verður seint ofmetin, auk mikilvægis náttúruverndar á tímum loftslagsbreytinga. NAUST skorar því á Umhverfisstofnun og stjórnvöld að sjá til þess að fyrirhugað net verndarsvæða verði ofið á hnitmiðaðan en yfirgripsmikinn hátt, öllum til heilla.

Í erindi **Náttúrustofu Austurlands** (NA) er vísað til 35. gr. laga um náttúruvernd um að við gerð framkvæmdaáætlunar skuli áhersla lögð á að byggja upp skipulegt net verndarsvæða til að stuðla að því að verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, auk jarðminja, vatnasvæða, landslags og víðerna náist. Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands að B-hluta náttúruminjaskrár náðu til 131 svæðis, sem mörg nutu þá

Umhverfisstofnun tekur undir erindi Náttúrustofu Austurlands um mikilvægi verndar. Stofnunin bendir á að svæðin sem eru kynnt fyrir tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár verða viðbót að uppbyggingu nets verndarsvæða. Stofnunin vekur athygli á ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa

þegar einhvers konar verndar. Einungis tíu svæði séu til umfjöllunar nú sem eru of fá og of lítil til að endurspeglu einhvers konar net verndarsvæða, með þeim afleiðingum að fyrirhuguð heildarmynd tengdra svæða, sem átti að tryggja ákjósanlega verndarstöðu þess lífríkis sem fjallað er um í tillögum Náttúrufræðistofnunar, er ekki til staðar og því ólíklegra en ella að markmiðum náttúruverndarlaga verði náð. Meðal tillagna Náttúrufræðistofnunar á starfssvæði NA að svæðum sem í dag njóta engrar formlegrar verndar voru t.d. klóþangsfjörur, leirur, fjörupollar, svæði við ströndina sem eru mikilvæg fyrir ýmsa fugla og landsel, auk hálendistjarna á Jökuldalsheiði.

Náttúrustofa Austurlands bendir m.a. á í erindinu mikilvægi heiða austurlands fyrir fjölda lífvera, sérstöðu þeirra á landsvísu, auk stærðar og staðsetningar m.t.t. verndaðra svæða, megi færa rök fyrir því að net verndarsvæða myndi styrkjast umtalsvert með stærri hluta þeirra innanborðs.

NA fagnar því að fjörur og grunnsævi á Tjörnesi og norður Melrakkasléttu séu á meðal auglýstra tillagna og vonast til að sjá aukna áherslu á bæði vernd og rannsóknir á íslenskum fjörum.

Náttúrustofan tiltekur svæði í tillögum Náttúrufræðistofnunar sem eru mikilvæg bæði selum og ýmsum fuglum og telur afar mikilvægt að huga að lífríki þeirra samfara auknum vinsældum og í því sambandi

og jarðminja sem kveður m.a. á um vernd votlendis, stöðuvatna, tjarna, sjávarfitja og leira.

| | |
|--|--|
| <p>gæti framkvæmdaáætlun nýst til að styðja við notagildi þeirra fyrir þessa fjölmörgu stofna til frambúðar.</p> | |
| <p>Í erindi Vegagerðarinnar er vakin athygli á þremur svæðum þar sem fyrir eru vegir eða þar sem vega- eða brúarframkvæmdir eru fyrirhugaðar innan eða í næsta nágrenni við þau. Vegagerðin óskar eftir að tekið verði tillit til þessara framkvæmda við afmörkun svæðanna og lýsir sig reiðubúna til samráðs um nánari útfærslu.</p> <ul style="list-style-type: none">- Á tillögunsvæði Tjörness eru áformað að þar komi ný brú í stað einbreiðrar brúar við Köldukvíslargil. Framkvæmdin er í þingsáætlunartillögu að Samgönguáætlun 2024-2038 sem er í þinglegri meðferð og framkvæmdir áætlaðar á árunum 2029-2033.- Í nálægð við Almenninga undirbýr Vegagerðin færslu á vegi sunnan Geysissvæðisins á árunum 2029-2033. Við hönnun framkvæmdarinnar verður hugað sérstaklega að vatnsflæði og verður vandað til verka.- Á Melrakkalséttu liggur Sléttuvegur (870) sem er malarvegur og framkvæmdir eru ekki fyrirhugaðar á honum á næstunni umfram hefðbundið viðhald innan veghelgunarsvæðisins. | <p>Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fyrirhugaðar framkvæmdir á þessum svæðum taki mið af þeim náttúruminum sem þar eru og þess gætt að framkvæmdirnar komi ekki til með að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðanna.</p> <p>Ef farið verður í vinnu við undirbúning friðlýsingar eða friðunar á svæðinu, verður hún unnin í samvinnu við hagsmunaaðila.</p> |
| <p>Í umsögn Náttúrustofu Suðausturlands undirstrikar stofan mikilvægi fjölbreyttra áhersla í náttúruvernd. Ekki er síður mikilvægt að veita jarðminjum, vistgerðum í hafi og spendýrum vernd en öðrum náttúruminum. Samt</p> | <p>Umhverfisstofnun tekur undir umsögn Náttúrustofu Suðausturlands. Hvað varðar hvatningu náttúrustofunnar til þess að kannað verði hvort ástæða sé að fjölga svæðum í framkvæmdaáætluninni á landsvísu bendir</p> |

| | |
|---|--|
| <p>sem áður er rétt að ítreka að verndun fágætra vistgerða hefur vissulega jákvæð áhrif á aðra þætti og getur til að mynda veitt spendýrum óbeina vernd.</p> <p>Náttúrustofan vill leggja áherslu á þau tækifæri sem felast í friðlýsingum, ekki síst efnahagslegum (Jukka Siltanen, 2018), og mikilvægi þeirra við viðhald á líffræðilegri fjölbreytni. Þess vegna vill náttúrustofan hvetja til þess að kannað verði hvort ástæða sé að fjölga svæðum í framkvæmdaáætluninni á landsvísu.</p> <p>Náttúrustofan tekur fram að Ísland hefur skuldbundið sig til að vernda 30% lands og 30% hafsvæða fyrir árið 2030 (Biosafety Unit, 2024). Framkvæmdaáætlunin sem nú er í vinnslu mun vera til fimm ára og mun því spanna meirihluta þess tíma sem er til stefnu fram til ársins 2030. Náttúrustofan telur að sú tillaga að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár sem til umsagnar er gangi ekki nægilega langt til að tryggja að Ísland nái markmiðum sínum innan samþykkts tímaramma. Náttúrustofan vill ítreka stuðning sinn við að tillaga að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár verði lögð fram sem fyrst.</p> | <p>Umhverfisstofnun á að skv. 1. mgr. 13. gr. laga um náttúruvernd leggur ráðherra fram á Alþingi, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.</p> <p>Stofnunin bendir einnig á að skv. 2. mgr. 38. gr náttúruverndarlaga er ráðherra heimilt að ákveða friðlýsingu með samþykki landeiganda og viðkomandi sveitarfélags þótt ekki sé gert ráð fyrir henni á framkvæmdaáætlun.</p> |
| <p>Í umsögn Landsvirkjunar er lögð áhersla á að við undirbúning nýrra friðlýsinga sé mikilvægt að taka tillit til reksturs aflstöðva, þ.m.t. mótvægisáðgerða og annarra inngripa sem miði að viðhaldi lífríkis og náttúru. Mikilvægt sé að friðlýsingarskilmálar nýrra svæða taki mið af þeirri starfsemi sem fyrir er. Er hér sérstaklega vísað til fyrirhugaðrar friðlýsingar Húseyjar og Eyjasels á</p> | <p>Umhverfisstofnun tekur undir að taka þurfi tillit til þeirra þátta sem gætu mögulega haft áhrif á náttúruverndarsvæði og þess gætt að framkvæmdir sem geta haft áhrif á svæðin rýri ekki verndargildi þeirra.</p> <p>Ef farið verður í vinnu við undirbúning friðlýsingar eða friðunar á svæðinu, verður hún unnin í samvinnu við Landsvirkjun og aðra hagsmunaaðila til að unnt sé að ná</p> |

| | |
|--|--|
| <p>Úthéraði en svæðið er í nágrenni við stærstu vatnsaflsvirkjun landsins, Fljótsdalsstöð, og gætir áhrifa virkjunarinnar á svæðinu. Landsvirkjun leggur til að friðlýsingarmörk taki tillit til yfirstandandi aðgerða varðandi færslu á ós Lagarfljóts og Jökulsár á Brú.</p> <p>Lögð er áhersla á að við útfærslu nýrra friðlýsinga verði athugað sérstaklega hvort verndarmarkmið geti átt samlegð með endurnýjanlegri orkuvinnslu séu tækifæri til slíks á svæðinu. Landsvirkjun bendir á að tækifæri séu til mögulegrar uppbyggingar vindorku á fyrirhuguðu friðlýsingarsvæði á Tjörnesi og hefur fyrirtækið hafið rannsóknir á svæðinu, s.s. um vindstyrk og fugla. Landsvirkjun telur æskilegt að skoðað yrði hvort nýting vindorku gæti samræmst fyrirhugaðri friðun Tjörness.</p> | <p>sem bestri samstöðu og samvinnu við hagsmuni svæðisins bæði út frá vernd náttúrunnar og orkunýtingar.</p> |
| <p>Í umsögn Lands og skógar kemur fram að stofnunin gerir ekki athugasemdir við tillöguna.</p> | |
| <p>Vatnajökulspjóðgarður fagnar framkomnum tillögum að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.</p> <p>Þjóðgarðurinn vill hvetja til áherslu á grunnrannsóknir viðkomandi svæða, sem víða er skortur á nú þegar, þar á meðal á Lauffellsmýrum. Gögn slíkrar vinnu eru ein af forsendum vinnslu stjórnunar- og verndaráætlana fyrir svæðin. Að auki er minnt á mikilvægi þess að fjármagn fylgi friðlýsingunum.</p> | <p>Umhverfisstofnun tekur undir erindi Vatnajökulspjóðgarðs.</p> |
| <p>Ferðafélag Íslands leggur áherslu á að í áframhaldandi vinnu að friðun eða friðlýsingu svæðanna verði haft ríkt samráð við landeigendur og hagsmunaaðila viðkomandi</p> | <p>Umhverfisstofnun tekur undir erindi Ferðafélags Íslands og bendir á upplýsingar um vinnslu og feril friðlýsinga á heimasíðu stofnunarinnar.</p> |

svæða. Mikilvægt sé að leita umsagnar og samráðs við hagsmunasamtök ferðafólks heima í héraði með það að markmiði að tryggja aðgengi almennings að sem flestum svæðum. Einnig leggur félagið mikla áherslu á að fjármagn fylgi friðun og friðlýsingu svæða svo hægt sé að tryggja uppbyggingu nauðsynlegra innviða sem vernda svæðin um leið og þau tryggja aðgengi almennings að þeim þar sem það á við.

Umsögn Umhverfisstofnunar - samantekt

Í ljósi innkominna erinda á kynningartíma tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er það mat Umhverfisstofnunar að fullnægjandi grundvöllur sé fyrir hendi til að eftirtalin svæði fari inn á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár:

- Goðdalur
- Hengladalir
- Húsey-Eyjasel
- Lauffellsmýrar
- Lambeyrarkvísl og Oddauppsprettur
- Reykjanes
- Þorlákshver við Brúará

Í ljósi innkomandi erinda landeigenda á öðrum svæðum sem kynnt voru: Norður-Melrakkaslétta, Tjörnes, Almennigur og Höfðaflatar telur Umhverfisstofnun að frekara samstarf og samtal um verkefnið þurfi að eiga sér stað við landeigendur áður en svæðin verða lögð fram á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Stofnunin telur þó tækifæri vera í samvinnu um endurskoðun á afmörkun svæðanna, fræðslu og leiðbeiningum varðandi þessi svæði enda verndar- og fræðslugildi svæðanna mjög hátt, m.a. vegna líffræðilegrar fjölbreytni.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að undirbúningur friðlýsinga og friðunar verði unnin í góðu samstarfi við landeigendur, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila og að nákvæmari afmörkun svæðanna fari fram á þeim samstarfsvettvangi.

Reykjavík, 7. maí 2024
UST202306-427/I.M.B.
09.00